

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins haldinn 24. maí 2007 að Nordica hotel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra.

Formaður stjórnar Þorbjörn Guðmundsson setti fundinn kl. 16:00 en þetta er 15. ársfundur sjóðsins. Hann gerði tillögu um Kristján Örn Jónsson sem fundarstjóra. Það var samþykkt og tók Kristján Örn við stjórn fundarins og gerði tillögu um Ólaf Hauk Jónsson sem fundarritara og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir á hvern hátt boðað hafi verið til þessa ársfundar með auglýsingum í fjölmiðlum, fundarboðum til aðildarféлага og fundarboði sem sent var til allra virkra sjóðfélaga, réttthafa séreignarsparnaðar og örorku- og ellilífeyrisþega. Úrskurðaði fundarstjóri að fundarboðun hafi verið í samræmi við ákvæði samþykktar og lýsti fundinn lögmatan.

2. Skýrsla stjórnar.

Formaður stjórnar Þorbjörn Guðmundsson flutti skýrslu stjórnar. Í upphafi máls síns lýsti Þorbjörn sérstakri ánægju með hversu margir sæktu fundinn að þessu sinni og kynnti þá breytingu sem er á uppbyggingu fundarins þar sem eitt efni úr skýrslu stjórnar er tekið til sérstakrar umfjöllunar. Þar kynnir Georg Páli Skúlason stjórnarmaður stefnumörkun Sameinaða lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og Páll Harðarson, aðstoðarforstjóri OMX Nordic Exchange á Íslandi, flytur erindi um sama efni.

Hér skal vísað til skýrslu stjórnar í ársskýrslu Sameinaða lífeyrissjóðsins árið 2007, en jafnframt skal þess getið að ræða formanns, ársskýrslan og myndir sem varpað var upp á fundinum voru á tölvukubbi (UBS) sem allir fundargestir fengu afhentan við komu á ársfundinn.

Þetta kom m.a. fram í skýrslu formanns:

Hann upplýsti að rekstur Sameinaða lífeyrissjóðsins hafi gengið mjög vel á árinu 2006. Ávöxtunin hafi verið ein sú besta frá upphafi, nafnávöxtun 19,6% og raunávöxtun 11,8%. Ávöxtun á erlendri hlutabréfaeign var mjög góð, bæði vegna hækkana á hlutabréfum í erlendri mynt en einnig vegna veikingar krónunnar. Einnig var ávöxtun á innlendum hlutabréfum mjög góð á árinu. Meðalraunávöxtun á síðast liðnum 10 árum er 5,4%, en framtíðarskuldbindingar sjóðsins miðast við 3,5% ávöxtun.

Tryggingafræðileg staða stigadeildar batnaði mikið árinu og staða aldurstengdu deildarinnar var áfram mjög sterk og ákvað stjórn sjóðsins að hækka réttindi í aldurstengdri deild sjóðsins um 8% frá 1. janúar 2007. Í ljósi bættrar stöðu stigadeildar, þar sem eignir voru 3% umfram skuldbindingar um sl. áramót, er lagt til við ársfundinn að sameina grunndeildir sjóðsins í einni deild.

Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs var hækkað úr 10% í 12% frá 1. janúar 2007 með breytingum á lögum. Áhrifin verða nokkur hjá sjóðnum þar sem fjöldi einyrkja greiðir til sjóðsins sem áður greiddu 10% iðgjald.

Ríkisstjórn Íslands hefur gefið út yfirlýsingu þar sem lýst er vilja til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða. Á árinu 2006 var samþykkt á Alþingi að ákveðnu hlutfalli af tryggingargjaldi yrði ráðstafað í þessu skyni. Fram kom hjá formanni að mikilvægt væri að lögfesta hlut ríkisins þannig að hægt verði að taka tillit til þess í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða. Áhrifa þessa eru þó óveruleg á stöðu Sameinaða lífeyrissjóðsins.

Meginhlutverk lífeyrissjóða er að tryggja góð eftirlaun. Tók formaður dæmi um lífeyrisrétt hjá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum, sem samtals leiddi til lífeyris sem væri um 64% af tekjum. Minnti hann þó á að mörg ár liðu þar til þetta næðist almennt þar sem tiltölulega stutt er síðan iðgjaldagreiðslur af öllum tekjum hófust. Sagði formaður það sína skoðun að lágmarkslífeyrir ætti ekki vera lægri en 75% af meðalævitekjum, auk séreignarsparnaðar, og ætti það að vera sameiginlegt verkefni lífeyrissjóða og stjórnvalda að ná því marki. Þá tók formaður raunveruleg samanburðardæmi af lífeyrisgreiðslum sjóðfélaga Sameinaða lífeyrissjóðsins sem eru að fara á lífeyri á þessu ári, 67 ára að aldri, og 55 ára sjóðfélaga sem eiga 12 ár í lífeyristöku og sýndi með því hvernig lífeyrir er að hækka mikið næstu árin og áratugina.

Breytt staða, svo sem vegna stærðar lífeyrissjóða og aukinna fjárfestingamöguleika, hefur leitt til þess að fjárfestingar lífeyrissjóða hafa orðið flóknari sem kallað hefur á aukna sérþekkingu. Slík sérþekking er kostnaðarsöm og er ein veigmikil ástæða frekari stækkana lífeyrissjóða með sameiningum sjóða. Fram hjá þessari þróun verður ekki horft og því má gera ráð fyrir að Sameinaði lífeyrissjóðurinn þurfi að taka afstöðu til sameiningar við annan sjóð á næstu misserum.

Áhugi hefur aukist fyrir flýttum starfslokum eins og sést á því að hlutfallslega voru helmingi færri á aldrinum 67-69 ára í launaðri vinnu um sl. áramót heldur en á árinu 1999. Vegna hækkandi lífaldurs þarf að hugsa málin upp á nýtt og nefndi formaður fáeina möguleika í því efni. Þá minnti formaður á það mikla kappsmál að stöðugleiki ríkti í íslensku efnahagslífi og góð tók næðust á verðbólgunni. Í þessu efni færu hagsmunir sjóðfélaga og lífeyrissjóða saman.

Formaður sagði frá viðræðum ASÍ og SA um breytingar á veikindarétti, sem m.a. hefði áhrif á örorkulífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna ef hugmyndir sem hafa verið til umræðu ganga eftir. Rakti hann í stuttu máli þær hugmyndir sem væru upp á borðinu, sem m.a. gætu leitt til þess að örorkulífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða hæfust seinna en nú er.

Formaður minnti á að umhverfi lífeyrissjóða er síbreytilegt. Meðal annars séu gerðar auknar kröfur um samfélagslega ábyrgð þeirra sem endurspeglar í öllu starfi þeirra, ekki síst í hverju fjárfest er. Þá muni samkeppni aukast til hagnóta fyrir sjóðfélagan.

Þá sagði formaður frá Örorkuvernd, sem er nýjung hjá sjóðnum sem einkum er ætluð yngra fólki sem hefur ekki áunnið sér fullan framreikning til örorkulífeyris í lífeyrissjóði. Um er að ræða valfrjálsa vernd sem réttihöfum í séreignarsparnaði hjá sjóðnum býðst gegn hagstæðu iðgjaldi. Vátryggjandi verður Vátryggingafélag Íslands hf. og verður samningur við félagið undirritaður á næstu dögum.

Annað árið í röð lendir Sameinaði lífeyrissjóðurinn í hópi „Fyrirmyndarfyrirtækja“ samkvæmt könnun VR. Formaður sagði þetta ánægjulega niðurstöðu enda skili ánægt starfsfólk betra starfi.

Þá sagði formaður frá því að sjóðurinn hafi tekið upp jafnræðisáætlun. Það væri afstaða innan sjóðsins að hafa skýra stefnu í þessu mikilvæga máli, þótt lög krefji ekki. Rakti hann helstu stefnumið áætlunarinnar.

Að lokum þakkaði formaður fyrir hönd stjórnar starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf á árinu 2006 og vonaðist eftir áframhaldandi góðu samstarfi í framtíðinni.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til þess að taka skýrslu stjórnar og erindi Páls Harðarsonar sameiginlega til umræðu að loknu erindi Páls. Enginn hreyfði andmælum við því.

Að lokinni ræðu formanns tók Georg Páll Skúlason til máls og fór yfir upptöku sjóðsins á reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar og stefnumörkun sjóðsins í því efni. Sagði Georg Páll að settur hafi verið saman vinnuhópur á síðasta ári sem hafði það hlutverk að fara yfir reglurnar og kanna kosti þess og galla fyrir Sameinaða lífeyrissjóðinn að gerast aðili að reglunum.

Georg Páll sagði frá því að niðurstaða vinnuhópsins hafi verið að leggja til að reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgðar fjárfestingar hjá sjóðnum yrði teknar upp, sem var í kjölfarið samþykkt í stjórn sjóðsins.

Georg Páll fór yfir hvað í reglunum felst fyrir sjóðinn, sem er m.a. að:

- 1) taka tillit til umhverfis, samfélags og stjórnháttanna í fyrirtækjum (hér eftir nefnt UFS) við mat á fjárfestingakostum og í öðrum ákvörðunum.
- 2) vera virkir eigendur hlutabréfa og innleiða reglur um UFS í eignastefnu sjóðsins og aðferðum.
- 3) sækjast eftir viðeigandi upplýsingum um UFS hjá fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í.
- 4) stuðla að því að þessar reglur SP verði viðurkenndar og þeim framfylgt í fjárfestingastarfsemi.
- 5) starfa saman til að auka hæfni sjóðsins til að framfylgja reglunum
- 6) gera grein fyrir störfum sjóðsins og framgangi við að koma reglunum í framkvæmd.

Þá færði Georg Páll rök að því upptaka reglanna félli vel að hlutverki og stefnu sjóðsins og ef rétt væri á málum haldið væri þetta jákvætt skref. Beinn útlagður kostnaður verður um 350 þúsund krónur á ári. Georg Páll sagði að upplýsingar um málefnið verði settar á heimasíðu sjóðsins.

Að lokum sagði Georg Páll að með þátttöku í reglum SP um ábyrgar fjárfestingar verði sjóðurinn ekki af góðum fjárfestingakostum heldur þvert á móti opnast tækifæri til hærri ávöxtunar til lengri tíma litið.

3. Erindi Páls Harðarsonar, aðstoðarforstjóra OMX Nordic Exchange á Íslandi.

Í upphafi máls síns óskaði Páll Harðarson Sameinaða lífeyrissjóðnum til hamingju með þá ákvörðun að taka upp reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar og sagði reglurnar að sínu mati styðja vel við stefnu lífeyrissjóða um samfélagslega ábyrgð. Jafnframt tók hann undir það sjónarmið sem Georg Páll hafði í sínum lokaorðum að upptaka reglnanna ætti að geta skilað fjárhagslegum ávinningi fyrir sjóðinn. Páll sagði stefnumörkun sem þessa ekki tilviljun heldur markast fyrst og fremst af alþjóðavæðingunni.

Páll fjallaði um markaðinn almennt, mikilvægi breytinga á hlutabréfamarkaði hér á landi á útrás íslenskra fyrirtækja. „Markaðurinn þrífst á trúverðugleika, trausti, gagnsæi og jafnræði”, sagði Páll ennfremur. Þá sé það orðin viðtekin skoðun hjá hinum þróaðri ríkjum og sérstaklega innan viðskiptalífsins að óásættanlegt sé að fyrirtæki og fjárfestar hlaupi frá samfélagslegum skyldum sínum, þótt aðstæður kunni að vera mismundi eftir löndum. Páll sagði frá því að í gangi væri samnorræn vinna um stjórnarhætti fyrirtækja og sagði það almennt mjög merkilega þróun sem er að verða þar sem markaðsaðilar hafi frumkvæði að því að setja sér ýmsar reglur af fúsum og frjálsum vilja. „Gildin eru þegar allt kemur til alls umbreytingaraflið”, sagði Páll og upptaka reglna um ábyrgar fjárfestingar sé liður í því að styðja við ákveðið gildismat á alþjóðlegum vettvangi. Reglurnar hvetja til bættra upplýsingagjafar og betri stjórnarháttar og segir Páll þetta grunnatriði á fjármálamarkaði. Páll minnti á að sníða þyrfti sér stakk eftir vexti í þessu efni sem öðru og taldi það einmitt styrk reglna SP að þær rúmi jafnt stóra sem smáa aðila að reglunum.

Að lokum fjallaði Páll í stuttu máli um stefnu OMX um samfélagslega ábyrgð sem byggist á 5 meginstöðum og fór yfir mikilvægi slíkrar stefnu og trúverðugleika vegna þátttöku og stöðu fyrirtækisins á markaðnum.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og erindi Páls Harðarsonar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

4. Kynning og afgreiðsla ársreiknings.

Framkvæmdastjóri sjóðsins Kristján Örn Sigurðsson kynnti ársreikninga Sameinaða lífeyrissjóðsins fyrir árið 2006. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og reglur og áritaður af stjórn, framkvæmdastjóra, kjörnum löggiltum endurskoðanda og kjörnum skoðunarmönnum sjóðsins. Framkvæmdastjóri fór yfir áritun endurskoðanda sem er án athugasemda svo og áritun tryggingastærðfræðingsins. Ársreikningurinn er í heild sinni í prentaðri ársskýrslu fyrir árið 2006.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu stærðir og sýndi á myndrænan hátt þær breytingar sem orðið hafa frá árinu 2005.

Í máli framkvæmdastjórans kom m.a. fram að iðgjöld hafi hækkað um 10,1% frá fyrra ári sem hann sagði endurspeglar sterka stöðu þeirra atvinnugreina sem að sjóðnum standa. Lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 10,6%, en fjárhæðir fylgja vísitölu neysliverðs sem hækkaði um 7% á árinu. Fjárfestingatekjur hækkuðu mikið eða um 40,2% frá fyrra ári. Ávöxtun var mjög góð eða 11,8% raunávöxtun yfir árið. Rekstarkostnaður hækkaði hins vegar einungis um 5,4% milli ára, sem er undir hækkingu vísitölunnar og sagði framkvæmdastjóri að heildarkostnaður sem hlutfall af

eign væri komin niður í 0,22% sem væri mjög lágt bæði í innlendum og alþjóðlegum samanburði.

Þá greindi framkvæmdastjóri frá því að hrein eign til greiðslu lífeyris hafi verið 88,4 milljarðar króna í lok ársins 2006 sem væri hækkun um 16,5 milljarða króna milli ára eða 22,9%.

Framkvæmdastjóri fór að endingu yfir skiptingu eigna sjóðsins og sagði m.a. að útistandandi kröfur væru í sögulegu lágmarki í lok ársins.

Fundarstjóri gaf því næst orðið laust um ársreikninginn. Engar umræður urðu um ársreikninginn. Ársreikningur Sameinaða lífeyrissjóðsins fyrir árið 2006 var borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

5. Laun stjórnar og skoðunarmanna.

Fundarstjóri las upp eftirfarandi tillögu og greinargerð sem henni fylgdi:

„Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins haldinn 24. maí 2007 samþykkir að þóknun til stjórnarmanna verði 57.000 kr. á mánuði frá 1. júní 2007. Stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð og varaformaður eina og hálfa þá upphæð. Þóknun skoðunarmanna skal vera 78.000 kr. vegna ársins 2006. Þóknun til varamanna í stjórn verði 28.500 kr. fyrir hvern fund.“

Greinargerð:

„Þóknun til stjórnarmanna hefur á liðnu starfsári verið kr. 52.000 á mánuði og hækkar um 9,6% verði ofangreind tillaga samþykkt. Þóknun til varamanna og skoðunarmanna hækkar um sama hlutfall. Umræddar hækkunir eru í samræmi við hækkun launavísitölu frá mars 2006 til mars 2007.“

Ekki urðu umræður um þessa tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

6. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun.

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt tveggja deilda sjóðsins. Úttekt þessi er gerð að venju á grundvelli gildandi laga og reglna þar um. Úttektin er í heild í fundargögnum ásamt greinargerðum.

Helstu niðurstöður:

Stigadeild

		Áunnin	Framtíðar	Heildar
		skuldb.	skuldb.	skuldb.
Eignir	Hrein eign	78.774		78.774
	Núvirði verðbr.	3.294		3.294
	Núv.framt. iðgjalda		23.822	23.822
	Lækkun v. fjárfest.kostn	-2.208		-2.208
	Samtals	79.859	23.822	103.682
Skuldbindingar	Ellilífeyrir	57.628	21.939	79.567
	Örorkulífeyrir	6.465.	2.437	8.902

	Maka- og fjölsk.lífeyrir	8.145	2.283	10.428
	Barnalífeyrir	153	173	326
	Rekstrarkostn	866	599	1.465
	Samtals	73.257	27.431	100.688
Eignir umfram skuldb.		6.602	-3.609	2.993
Sem hlutfall skuldb.		9,0%	-13,2	3,0%

Aldursdeild:

		Áunnin	Framtíðar	Heildar
		skuldb.	skuldb.	skuldb.
Eignir	Hrein eign	6.783		6.783
	Núvirði verðbr.	287		287
	Núv.framt. iðgjalda		37.025	37.025
	Lækkun v. fjárfest.kostn	-192		-192
	Samtals	6.878	37.025	43.903
Skuldbindingar	Ellilífeyrir	4.361	25.906	30.267
	Örorkulífeyrir	878	4.935	5.813
	Maka- og fjölsk.lífeyrir	441	2.752	3.193
	Barnalífeyrir	6	339	345
	Rekstrarkostn	68	842	910
	Samtals	5.754	34.774	40.528
Eignir umfram skuldb.		1.124	2.251	3.375
Sem hlutfall skuldb.		19,5%	6,5%	8,3%

Bjarni sagði að mikil breyting hefði orðið á stöðu stigadeildarinnar þar sem eignir umfram heildarskuldbindingar væru 3% um sl. áramót en hallinn hefði verið 8-9% fyrir tveimur árum. Þá sagði hann stöðu aldurstengdu deildarinnar jákvæða sem fyrr og það hefði leitt til 8% hækkunar réttinda frá 1. janúar 2007. „Ánægjulegur viðsnúningur hefur orðið á síðastliðnum tveimur árum” sagði Bjarni m.a. í lok umfjöllunar sinnar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Orðið var gefið laust en enginn kvaddi sér hljóðs.

7. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sigríður Hrund Guðmundsdóttir forstöðumaður eignastýringasviðs gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins, en hún er samþykkt og afgreidd af stjórn og kynnt varastjórn fyrir desember ár hvert.

Fjárfestingarstefnan er í heild í ársskýrslu 2006.

Fjárfestingarstefna Sameinaða lífeyrissjóðsins árið 2007.
Tryggingadeild, aldurstengt réttindakerfi og stigakerfi.

Innlendar og erlendar fjárfestingar

Eign í íslenskum krónum, nettó	55-80%
Eign í erlendum gjaldmiðlum, nettó	20-45%

Skipting fjárfestinga:

Bankainnistæður	0-6%
Skuldabréf	50-75%
Þar af innlent	40-70%
Þar af erlent	0-10%
Hlutabréf	25-50%
Þar af innlent	5-25%
Þar af erlent	20-45%

Skipting skuldabréfa:

Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	15-40%
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	0-10%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	3-20%
Skuldabréf með fasteignatryggingu	5-25%
Skráð markaðsskuldabréf fyrirtækja	0-12%

Öll hlutföll eru hér sett fram sem hlutfall af hreinni eign sjóðsins.

Sigríður Hrund fór yfir eignaskiptingu eins og hún var í lok árs 2006 og breytingu á henni frá 2002 til 2007. Þá sýndi hún dæmi um gjaldeyrisvarnir sjóðsins og nefndi að af þeim hafi verið rúmlega 680 milljóna króna hagnaður frá upphafi. Að lokum greindi Sigríður Hrund frá þeirri breytingu sem gerð var í byrjun apríl 2007 á Aldursleiðum í séreignarsparnaði.

Ekki urðu umræður um þennan dagskrárlið.

8. Tilkynnt stjórnarkjör og val skoðunarmanna.

Fundarstjóri las upp nöfn þeirra sem kosnir voru til tveggja ára í stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins fyrir launþega.

Aðalmaður: Þorbjörn Guðmundsson
Varamaður: Guðlaugur Karlsson

Skoðunarmenn:

Skoðunarmaður Ólafur Axelsson
Varaskoðunarmaður Hörður Runólfsson

Þá kynnti fundarstjóri nöfn þeirra sem framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins hefur ákveðið að sitji í stjórninni til tveggja ára.

Aðalmaður: Haraldur Þór Ólason
Varamaður: Guðmundur E. Hallsteinsson

Skoðunarmenn:

Skoðunarmaður: Guðmundur Ásgeirsson
Varaskoðunarmaður: Aðalsteinn Aðalsteinsson

9. Kosning löggilts endurskoðanda.

Fundarstjóri kynnti eftirfarandi tillögu um löggiltan endurskoðanda:

„Tillaga er um Sigurð Ámundason löggiltan endurskoðanda hjá Grant Thornton ehf. Suðurlandsbraut 20, Reykjavík.”

Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Tillögur til breytinga á samþykktum.

Tillögur stjórnar sjóðsins fylgja í heild sinni í fundargögnum.

Kristján Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, fór yfir tillögur um breytingar á samþykktum. Efnislega er um að ræða fjórar meginbreytingar:

1. Sameining stigadeildar og aldurstengdrar deildar í einni tryggingardeild
2. Í samþykktum verði fjárfestingastefna sjóðsins einungis háð takmörkunum laga á hverjum tíma
3. Framreikningur vegna viðmiðunartekna örorkulífeyrisþega miðist við launavísitölu í stað vísitölu neysluverðs
4. Ellilífeyrir verði endurúrskurðaður við 67 ára og 70 ára aldur, en stjórn getur sett verklagsreglur um tíðari úrskurði

Framkvæmdastjóri fór yfir forsögu málsins í stuttu máli og kynnti meginatriði breytingatillaganna og fór yfir helstu rök fyrir þeim. Þá fór hann yfir álit tryggingastærðfræðings sjóðsins og vitnaði til jákvæðrar niðurstöðu hans um sameiningu deilda. Einnig að til þess að báðar deildir stæðu jafnt við sameininguna hækkuðu aldurstengd réttindi við sameiningu um 8,8%. Hins vegar að ákvarðanir um hækkun réttinda eftir að deildirnar hafa verið sameinaðar næðu til allra, óháð réttindakerfi.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Jón Ólafur Vilhjálmsson spurði hvort einhverjir sjóðfélagar í stigadeild töpuðu réttindum við breytinguna, t.d. einhverjir tilteknir aldurshópar.

Framkvæmdastjóri svaraði og sagði enga eiga að verða fyrir skerðingu réttinda vegna sameiningar deilda og vitnaði til staðfestingar tryggingastærðings í því efni.

Áður en fundurinn heimilaði að bera breytingartillögur í einu lagi undir fundinn svaraði framkvæmdastjóri einnig fyrirspurn frá Kristni Sævari Jóhannssyni. Kristinn Sævar spurði um áhrif sameiningar deilda á útdeilingu hagnaðar og hvort hún leiddi til þess að réttindahækkanir vegna aldurstengdra réttinda yrðu ekki mögulegar í framtíðinni.

Framkvæmdastjóri sagði svo alls ekki verða en með sameiningu deilda næðu mögulegar réttindahækkanir til allra án tillits til réttindaávinnslukerfis.

Að þessum umræðum loknum voru breytingartillögur bornar undir atkvæði í einu lagi og voru þær samþykktar samhljóða.

11. Önnur mál.

Úlfar Hermannsson, ritari VSSÍ, tók til máls og las upp tillögu, undirritaða af fjórum stjórnarmönnum í Verkstjórasambandi Íslands, þess efnis að fela stjórn sjóðsins að vinna að því að tímamörk á skiptingu lífeyris milli hjóna yrði afnumin úr lögum. Úlfar rakti í fáum orðum hvers vegna þetta væri borið upp og minnti á að málinu hefði einnig verið hreyft á síðasta ársfundi sjóðsins án þess að sýnilegur árangur hefði orðið.

Þorbjörn Guðmundsson tók þá til máls og sagði frá starfi sem hefði verið unnið í vinnuhópi hjá Landssamtökum lífeyrissjóða og hann hefði verið þátttakandi í. Niðurstaðan lægi nú fyrir í formi tillögu sem samtökin myndu leggja fyrir stjórnvöld um breytingu á lögum nr. 129/1997 þannig að ákvörðun um skiptingu réttinda milli hjóna yrði lokið eigi síðar en við 65 ára aldur, í stað þess að það eigi sér stað a.m.k. 7 árum fyrir mögulegt upphaf lífeyristöku eins og er í núgildandi lögum.

Fundarstjóri spurði flutningsmann tillögunnar hvort vilji væri óbreyttur um að tillagan yrði borin upp fyrir fundinn eftir þetta svar Þorbjörns. Flutningsmaður var sáttur við þá niðurstöðu sem Þorbjörn hafði kynnt og dró tillöguna til baka.

Ekki tóku fleiri til máls.

Fundarstjóri óskaði eftir leyfi fundarins að honum og ritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Það var samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði fundargestum fyrir þátttöku í fundinum.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 18:10.

Kristján Örn Jónsson
Fundarstjóri

Ólafur Haukur Jónsson
fundarritari

Fundinn sátu:

Kjörnir fulltrúar	51
Sjóðfélagar	55
Gestir	11
Starfsmenn	10

Samtals 127